

Mánudaginn 20. mars 1995.

Nr. 66/1995.

**Eigendur jarðanna
Laxárness, Valdastaða,
Grímsstaða, Neðra-Háls og Háls**

(Jóhann Nielsson hrl.)

gegn

**eigendum jarðanna
Sogns I og II, Reynivalla, Vindáss,
Hækingsdals, Hlíðaráss, Fremra-Háls,
Írafells, Möðruvalla I og II,
Eyja I og II, Hjalla, Grjóteyrar,
Flekkudals, Meðalfells,
Porláksstaða, Káraness, Káraneskots,
Sands, Bæjar, Fells, Blönduholts,
Púfukots, Púfu, Eyrarkots,
Eyrar og Hurðarbaks og
Veiðifélagi Kjósarhrepps**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Lög um lax- og silungsveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. febrúar 1995, sem barst réttinum 28. sama mánaðar. Um kæruheimild vísa þeir til c-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að teknar verði til greina kröfur þeirra um dómkvaðningu matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, svo sem þær eru fram settar í matsbeiðni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Eigendur eftirfarandi jarða hafa látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti: Sogns I og II, Reynivalla, Vindáss, Hækingsdals, Fremra-Háls, Írafells, Möðruvalla I og II, Eyja I og II, Hjalla, Grjóteyrar, Flekkudals, Meðalfells, Porláksstaða, Káraness, Kára-

neskots, Bæjar, Eyrarkots, Hurðarbaks og Hlíðaráss. Krefjast þessir varnaraðilar þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þeir krefjast einnig kærúmálskostnaðar.

Í hinum kærða úrskurði er lýst, hvornig viðfangsefni matsmanna er afmarkað í matsbeiðni sóknaraðila. Í henni felst, að sóknaraðilar telja, að lækkun arðshlutfalls jarða sinna af veiðitekjum í Laxá í Kjós verði að öllu leyti rakin til þess, að gerður var fiskvegur í Laxfossi á árunum 1972-1973, en áður hafði fossinn verið nokkur hindrun fyrir fiskgengd upp ána.

Þessu hafa varnaraðilar andmælt. Þeir benda á, að lækkað arðshlutfall jarða sóknaraðila í þeim matsgerðum, sem tvívegis hafa fram farið eftir 1972 til endurskoðunar arðskrár, megi fremur rekja til breyttra sjónarmiða, sem lögð séu til grundvallar niðurstöðum matsmanna um skiptingu arðskrár. Ekki sé eins og í hinum fyrstu arðskránni nánast einvörðungu byggt á því, hvar í ánni fiskurinn veiðist, heldur sé í vaxandi mæli einnig litið til þess, hvar hann hrygnir, hvar uppeldisstöðvar fiskseiða eru og landlengdar að veiðivatni, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970. Þá hafa varnaraðilar jafnframt bent á, að framkvæmdir við gerð fiskvegur í ánni hafi aukið heildartekjur af sölu veiðileyfa mjög verulega, þar eð dreifing fiskis í ánni sé mun hagstæðari en áður var og því ekki sýnt, að sóknaraðilar hafi orðið fyrir nokkru tjóni þrátt fyrir lækkun arðshlutfalls þeirra.

Matsbeiðni sóknaraðila beinist ekki að því að fá úr því skorið, hvaða ástæður liggi að baki ætluðu tjóni þeirra. Þegar þess er gætt, að matsreglur laga um lax- og silungsveiði hafa að ýmsu leyti sérstöðu, svo sem vegna fyrirmæla 5. mgr. 95. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, um greiðslu kostnaðar af matsgerð, var þörf á, að leyst yrði úr þessari grundvallarspurningu, áður en stofnað yrði til matskostnaðar, sem hugsanlega yrði felldur á varnaraðila. Ekki verður séð, að matsgerð þjóni tilgangi, eins og matsbeiðni sóknaraðila er úr garði gerð, en telja verður varnaraðila hafa hagsmuna að gæta, er þeir andmæla dómkvaðningu samkvæmt henni. Skortir því skilyrði til að verða við beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærúmálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. febrúar 1995.

Með bréfi, dagsettu 3. ágúst 1994, kröfðust eigendur jarðanna Laxárness, Valdastaða, Grímsstaða, Neðra-Háls og Háls þess, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að meta það tjón, er þeir kveðast hafa orðið fyrir vegna lækknunar arðskrárprósentu þeirra í Veidifélagi Laxár í Kjós.

Þessir matsbeiðendur eru: Vegna Laxárness Aðalsteinn Eggertsson, Edda I. Eggertsdóttir, Valdís Halldórsdóttir, Sigurður Egilsson, Egill Egilsson, Ingunn Egilsdóttir og Kristjana Eggertsdóttir, vegna Valdastaða og Grímsstaða Ólafur Ólafsson og Hreiðar Grímsson og vegna Neðra-Háls og Háls Jón Gíslason og Kristján Oddsson.

Þessir aðilar hafa verið taldir matsþolar: Snorri Örn Hilmarsson, Sogni, Gunnar Kristjánsson, Reynivöllum, Jón Lárusson, Vindási, Guðbrandur Hannesson, Hækingsdal, Sigrún Eiríksdóttir, Hlíðarási, Jón Steinar Vilhjálmsson, Fremra-Hálsi, Skúli Geirsson, Írafelli, Þorgeir Jónsson, Möðruvöllum I, Sigurður Guðmundsson, Möðruvöllum II, Magnús Sæmundsson, Eyjum II, Ingólfur Guðnason, Eyjum I, Hermann Ingólfsson, Hjöllum, Kristján Finnsson, Grjóteyri, Guðmundur Ólafsson, Flekkudal, Gísli Ellertsson, Meðalfelli, Bjarni Kristjánsson, Þorlákssstöðum, Pétur Lárusson, Káranesi, Guðmundur Magnússon, Káraneskoti, Haraldur Haraldsson, Sandi, Þórunn Einarsdóttir, Bæ, Helgi Jónsson, Felli, Gunnar Leó Helgason, Blönduholti, Gísli V. Einarsson, Laxárnesi, Ólafur Jóhannesson, Þúfukoti, Jón E. Unndórsson, Þúfu, Steinunn Geirdal, Eyrarkoti, Haraldur Hjartarson, Eyrum, Hilmar Ingimundarson hrl., Guðný Ívarsdóttir, Flekkudal, Haraldur Jónsson, Fremra-Hálsi, Veidifélag Kjósarhrepps og Kjósarhreppur.

Matsbeiðendur lýsa atvikum svo í matsbeiðni, að á árunum 1972-1973 hafi verið gerður fiskvegur (laxastigi) í Laxfossi í Laxá í Kjós. Þessum framkvæmdum hafi verið ætlað að auka heildarveiði og þar með heildararðsemi árinna.

Eftir að fiskvegurinn hafi verið gerður, hafi tvívegis farið fram yfirmat á arðskrá vatnasvæðisins. Arðshlutfall jarða matsbeiðenda, jarðanna Laxárness, Háls, Neðra-Háls, Valdastaða og Grímsstaða hafi lækkað að meðaltali um 31,41%, enda þótt meðalveiði vatnasvæðisins hafi ekki breyst. Matsbeiðendur segja þetta í algerri andstöðu við þær forsendur, sem lagðar hafi verið til grundvallar við gerð fiskvegarins.

Matsbeiðendur kveðast telja, að gerð laxastigans hafi einungis haft þau áhrif, að verulegar tekjur færðust frá þeim til eigenda annarra jarða á veiði-

svæðinu. Þar með hafi þeim verið valdið tjóni, sem þeir vilja, að verði metið.

Matsbeiðendur telja, að gerð laxastigans hafi valdið þeim tjóni öðrum fremur og þetta eigi þeir að fá bætt með hliðsjón af 2. mgr. 39. gr. og 3. mgr. 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Þeir óska mats sérstaklega á tjóni einstakra matsbeiðenda og sundurgreint eftir árum, allt frá því að laxastiginn var gerður 1972-73 og til 1994.

Matsþolar hafa mótmælt dómkvaðningu. Þeir halda því fram, að er gerð fiskvegarins hafi verið samþykkt, hafi einungis komið fram fyrirvari frá umboðsmanni eigenda Laxárness, ef veiðiaðstaða fyrir landi jarðarinnar skertist vegna framkvæmdanna. Öllum hafi mátt vera ljóst, að veiði ofan við stigann myndi aukast, en þrátt fyrir það hafi enginn fyrirvari verið gerður með tilliti til arðskrár.

Pá segja matsþolar, að veiðimálastjóri hafi talið, að fiskvegurinn félli ekki undir ákvæði 40. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Eftir að vegurinn var gerður, hafi tvisvar farið fram undir- og yfirmat á arðskrá veiðifélagsins. Í þessu mati sé tekin afstaða til þess, að fiskvegurinn er kominn, og til áhrifa hans á arðskrána. Telja matsþolar ljóst, að dómkvaddir matsmenn hafi þegar tekið afstöðu til þess ágreiningsefnis, sem mats sé nú krafist á.

Matsþolar telja, að yfirmatið jafngildi endanlegri úrlausn um það, hvort matsbeiðendur eigi rétt á herra arðshlutfalli. Yfirmatið hafi res judicata-verkanir, sé bindandi það tímabil, er það taki til.

Matsþolar telja, að tilvísun matsbeiðenda til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 76/1970, sbr. 4. gr. laga nr. 63/1994, geti ekki átt við um mat á því, hvort arðshlutfallið sé rétt. Þar gæti aðeins 50. gr. laganna komið til álita við endurskoðun nýrrar arðskrár.

Pá gera matsþolar athugasemd við afmörkun viðfangsefnis matsmanna í beiðninni. Þar sé fullyrt, að fiskvegurinn einn og sér hafi valdið lækkun arðshlutfalls. Matsmönnum sé hins vegar ekki ætlað að meta áhrif annarra þátta. Pá telja matsþolar, að gögn um fyrri arðskrár og önnur atriði séu ófullnægjandi.

Niðurstaða.

Ekki verður í þessum úrskurði leyst úr því, hvort matsbeiðendur, einn eða fleiri, kunni að eiga rétt á bótum á grundvelli laga nr. 76/1970 eða annarra réttarheimilda vegna minnkandi hlutar í arðskrá Laxár í Kjós. Matsbeiðendur hafa ítrekað kröfu sína um, að matsmenn yrðu dómkvaddir samkvæmt heimild í lögum nr. 76/1970 og þau lög giltu um framkvæmd matsins, þ. á m. um greiðslu kostnaðar af matsgerð.

Í 95. og 96. gr. laga nr. 76/1970, sbr. lög nr. 63/1994, er mælt fyrir um matsgerðir og greiðslu kostnaðar af þeim. Ákvæði þessi eru sérreglur um mat og verður ekki beitt utan þess gildissviðs, sem þau marka sér. Hvað sem þessum reglum líður, verður mats krafist á atriðum, er snerta lögin samkvæmt hinni almennu reglu í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Matsbeiðendur hafa haldið sig við kröfu um mat skv. ákvæðum laga um lax- og silungsveiði, og kemur þá eingöngu til skoðunar, hvort skilyrðum þeirra laga er fullnægt.

Svo sem matsbeiðendur afmarka matsefni, verður ekki unnt að fella það beinlínis undir ákvæði 2. mgr. 95. gr. og 3. mgr. 96. gr. laganna. Ekki er um það að ræða, að gerð fiskvegarins hafi falið í sér framkvæmd laganna, svo sem áskilja verður. Bótareglan í 2. mgr. 39. gr. verður ekki skilin öðruvísi en svo, að þar sé átt við beinar takmarkanir á afnotaheimildum, en í 40. gr. laganna er takmörkuð veiði við fiskveg. Verður samkvæmt þessu ekki fallist á kröfu matsbeiðenda um kvaðningu matsmanna skv. lögum um lax- og silungsveiði. Ekki er rétt að ákvarða málskostnað í málinu.

Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan. Málsmeðferð og uppkvaðning úrskurðar hefur tafist talsvert vegna anna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framangreindri kröfu um dómkvaðningu matsmanna er hafnað.
